

Ferihumer gegn Austurríki

Dómur frá 1. febrúar 2007

Mál nr. 30547/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Ummæli um kennara. Staðreyndir og gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi, Johann Ferihumer, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1945 og býr í Waizenkirchen í Austurríki.

Þegar atvik málsins urðu var kærandi faðir nemanda í grunnskóla í Grieskirchen, auk þess sem hann sinnti starfi varaformanns og ritara í foreldrafélagi skólans. Kennarar skólans ákváðu skólaárið 2001-2002 að stytta og fækka ferðalögum á vegum skólans í mótmælaskyni við minna fjárframlag ríkisstjórnarinnar til menntamála það árið. Nemendur og nokkrir foreldrar, þar á meðal kærandi, voru ósammála þessum aðgerðum. Kærandi óskaði eftir atkvæðagreiðslu hjá skólanefnd skólans um það hvort bekkur sonar hans ætti að fara í vikuferð annaðhvort til Toscana á Ítalíu eða til Prag í Tékklandi. Í janúar 2002 ákvað skólanefndin að undirrita málamiðlun milli sjónarmiða kennara og nemenda og foreldra sem fól í sér eins dags ferð fyrir alla bekkni á skólaárinu, en að auki skyldu koma til uppbótarferðir haustið 2003. Sama dag og skólanefndin undirritaði þessa málamiðlun tjáði kærandi sig við fréttablað þar sem hann hélt því fram að kennarar væru að beita óþolandi miklum þrýstingi á nemendur og foreldra sem jafna mætti við valdniðslu. Í kjölfarið höfðaði meirihluti kennara mál gegn kæranda vegna móðgana og tjóns sem kærandi hefði valdið þeim með ummælum sínum. Þann 9. október 2002 var lagt lögbann við því að kærandi endurtæki þessi ummæli þar sem þau teldust móðgandi og ærumeiðandi. Dómstóllinn taldi að kærandi yrði að þola að orð hans væru túlkuð á versta mögulega veg, þ.e. að kennararnir hefðu beitt ólögmætum og ófaglegum aðferðum á borð við beitingu ofbeldis eða misbeitingu valds við einkunnagjöf nemenda.

Kærandi áfrýjaði dómnum og taldi sig aðeins hafa átt við vægari aðgerða kennara sem fólust í því að sækja ekki fundi skólanefndar og grafa undan valdi talsmanns nemenda sem hrökklaðist í kjölfarið úr því embætti. Hann vísaði enn fremur til þess að ummæli hans væru gildisdómur sem hefði nægilega stóð í raunveruleikanum. Áfrýjun kæranda var vísað frá í febrúar 2003 þar sem ummælin fælu í sér fullyrðingar sem kærandi hefði ekki getað fært sönnur á.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að lögbann sem lagt var við því að hann tjáði sig um þrýsting kennara á nemendur og kennara og valdniðslu bryti í bága við tjáningarfrelsi hans sem tryggt væri í 10. gr. sáttmálsans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að lögbannið fæli í sér skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda, en að það væri í samræmi við lög og væri til þess fallið að vernda réttindi annarra. Því þyrfti að skoða hvort skerðingin hefði verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og í samræmi við ríka þjóðfélagslega þörf þar sem gætt væri meðalhófs í tengslum við lögmætt markmið stjórnvalda.

Dómstóllinn leit til þess að ummæli kæranda hefðu fallið í tengslum við kröftug skoðanaskipti milli nemenda, foreldra og kennara. Kærandi var ekki sáttur við málamiðlun skólanefndarinnar og lét viðbrögð sín við því í ljós. Dómstóllinn var ekki sammála því mati innlendra dómstóla að skoða þyrfti ummæli kæranda í versta mögulegu ljósi. Kærandi hefði tjáð skoðun sína á aðferðum kennara og felld gildisdóm sem eðli málsins samkvæmt væri ekki hægt að sanna. Með vísan til þess hversu mikil spenna var ríkjandi, sem speglaðist meðal annars í því að talsmaður nemenda sagði af sér, þótti

dómstólnum að ummæli kæranda hefðu átt sér nægilega stoð í raunveruleikanum og gætu þess vegna ekki talist keyra fram úr hófi.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að skerðing tjáningarfrelsis kæranda hefði verið meiri en nauðsynlegt gat talist í lýðræðisþjóðfélagi og fæli því í sér brot á 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að dómurinn sjálfur fæli í sér nægilegar bætur fyrir þann miska kæranda. Kærandi fékk 418.17 evrur í bætur vegna fjártjóns og 10.274,07 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr. sáttmálans.